

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/63/EB**frá 20. desember 1994****um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva(*)****EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í hverri umhverfisverndaráætlun Evrópubandalaganna ⁽⁴⁾ af annari er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir og draga úr loftmengun.

Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) úr bensíni og leysiefnum nærði allt að 10 milljónum tonna á ári í bandalaginu ef engar varnarráðstafanir væru gerðar. Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda stuðlar að myndun ljósoxandi efna, svo sem ósons, sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna og á gróður og önnur efni ef styrkleiki þeirra er mikill. Sum rokgjörn lífræn efnasambönd sem losna úr bensíni flokkast sem eitruð eða krabbameins- eða vansköpunarvaldar.

Í tengslum við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa undirritaði bandalagið 2. apríl 1992 bókun um varnir gegn losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) og flæði þeirra yfir landamæri þar sem kveðið er á um að verulega skuli dregið úr losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/96 frá 27. september 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 227, 3. 9. 1992, bls. 3 og Stjtið. EB nr. C 270, 6. 10. 1993, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 73, 15. 3. 1993, bls. 6.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 24. júní 1993 (Stjtið. EB nr. C 194, 19. 7. 1993, bls. 325.), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 82). Staðfest 2. desember 1994 (Stjtið. EB nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 15). Sameiginlegur texti sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 1994.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 112, 20. 12. 1973, bls. 1, Stjtið. EB nr. L 139, 13. 6. 1977, bls. 1; Stjtið. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1 og Stjtið. EB nr. C 328, 7. 12. 1987, bls. 1.

Mikilvægum áfanga var náð í þeirri heildaráætlun bandalagsins að draga almennt úr losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda í bandalaginu með tilskipun ráðsins 91/441/EBE frá 26. júní 1991 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾, þar sem stefnt er að því að minnka losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda úr útblásturslofti og losun uppgefufarefna frá vélknúnum ökutækjum um 80-90% á tíu til fimmtán árum, enda er hún um 40% af núverandi losun út í andrúmsloftið af mannavöldum. Þegar framangreind tilskipun var samþykkt var framkvæmdastjórninni falið að leggja fram tillögu að tilskipun um ráðstafanir til að minnka tap vegna uppgefufunar á öllum stigum geymslu og dreifingar á eldsneyti.

Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda frá geymslu- og dreifikerfi bensíns er um 500 000 tonn á ári eða um 5% af heildarlosun rokgjarnra lífrænna efnasambanda í bandalaginu af mannavöldum. Þessi losun er umtalsverður þáttur í loftmengun, einkum á þéttbýlissvæðum.

Með þeirri tækni sem nú er völ á er ægt að draga verulega úr tapi vegna uppgefufunar frá bensíndreifikerfinu, ekki síst með því að endurnýta gufur sem hefur verið hleypt út.

Vegna alþjóðlegrar stöðlunar og öryggis við lestun skipa verður að semja staðla á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um gufustýringar- og gufuendurnýtingarkerfi sem skulu gilda bæði fyrir lestunarbúnað og skip. Bandalagið skal því leitast við að tryggja að sett verði nauðsynleg ákvæði í MARPOL-samninginn við endurskoðun hans sem á að ljúka á árinu 1996. Verði MARPOL-samningurinn ekki endurskoðaður með þessum hætti ber bandalaginu, eftir viðræður við helstu viðskiptaaðila sína, að koma með tillögu að ráðstöfunum sem eiga að gilda fyrir skip og hafnaraðstöðu fyrir lestun bensíns í skip.

Frekari aðgerða er þörf til að draga úr uppgefufun við áfyllingu á bensínstöðvum, sem er nú um 200 000 tonn á ári, og hafa með því móti hemil á allri uppgefufun við dreifingu bensíns.

Til að forðast röskun á samkeppni og tryggja starfsemi hins sameiginlega markaðar er nauðsynlegt að samhæfa ákveðnar ráðstafanir vegna bensíndreifingar á grundvelli víðtækrar umhverfisverndar.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 242, 30. 8. 1991, bls. 1.

Þó skal veða og meta kosti og ókosti því samfara að grípa til aðgerða eða láta það ógert. Því er rétt að kveða á um möguleika á undanþágum og í sumum tilvikum jafnvel útilokun. Einnig er rétt að gefa ákveðnum aðildarráðgjöf kost á lengri aðlögunartíma með hliðsjón af víðtækum umhverfissráðstöfunum af mismunandi toga sem þau kunna þegar að hafa hrint í framkvæmd á þessu sviði eða þeim sérstöku erfiðleikum sem ráðstafanir samkvæmt þessari tilskipun kunna að valda þeim vegna uppbyggingar dreifikerfis þeirra.

Í aðgerðum bandalagsins skal taka tillit til umhverfisskilyrða á mismunandi svæðum innan bandalagsins. Í því sambandi verða aðildarráðgjöf að geta viðhaldið strangari ráðstöfunum eða gripið til slíkra ráðstafana vegna taps af völdum uppgufunar frá föstum stöðvum á öllu yfirráðasvæði sínu eða á landsvæðum þar sem gengið hefur verið úr skugga um að slíkar ráðstafanir séu nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið vegna sérstakra aðstæðna.

Ákvæði 1. mgr. 3., 4. og 6. gr. þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (¹).

Samþykking ber samhæfðar forskriftir fyrir botnþyllingarbúnað tankbifreiða til að tryggja frjálsa verslun með bensín og búnað í bandalaginu og skapa víðtækt öryggi. Kveða skal á um stöðlu þessara forskrifa og aðlögun þeirra að tækniframförum.

Nefnd skal skipuð til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að laga viðaukana við þessa tilskipun að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr. Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um vinnutilhögun, búnað og mannvirki, farartæki og skip sem eru notuð við geymslu, áfyllingu og flutning á bensíni frá einni birgðastöð til annarrar eða frá birgðastöð til bensínstöðvar.

2. gr. Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „bensín“: jarðólúafleiður, með eða án aukefna og með 27,6 kílópaskala gufuþrýsting eða meira (samkvæmt Reid-aðferðinni), sem eru notaðar sem eldsneyti í vélknúin ökutæki, að kútagasi (LPG) undanskildu;

(¹) Stjttö. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/400/EBE (Stjttö. EB nr. L 221, 6. 8. 1992, bls. 55).

- b) „gufur“: loftkennd efnasambönd sem gufa upp úr bensíni;
- c) „geymar“: fastir geymar á birgðastöðvum sem eru notaðir til geymslu á bensíni;
- d) „birgðastöð“: aðstaða til geymslu á bensíni og til að fylla bensín á tankbifreiðar, járnbrautartankvagna eða lesta skip, þar með talið allir geymar í aðstöðunni;
- e) „flutningsgeymar“: geymar sem eru fluttir á vegum, járnbrautum eða vatnaleiðum og notaðir til að flytja bensín frá einni birgðastöð til annarrar eða frá birgðastöð til bensínstöðvar;
- f) „bensínstöð“: mannvirki þar sem bensíni í föstum tönkum er fyllt á eldsneytisgeyma vélknúinna ökutækja;
- g) „tíltækir“ bensíngeymar, áfyllingarbúnaður, bensínstöðvar og flutningsgeymar: allir bensíngeymar, áfyllingarbúnaður, bensínstöðvar og flutningsgeymar í notkun fyrir daginn sem um getur í 10. gr. eða sem veitt var sérstakt byggingar- eða starfsleyfi fyrir, þar sem þess er krafist samkvæmt innlendum lögum, fyrir daginn sem um getur í 10. gr.;
- h) „nýr“, í tengslum við bensíngeyma, áfyllingarbúnað, bensínstöðvar og flutningsgeyma: allir bensíngeymar, áfyllingarbúnaður, bensínstöðvar og flutningsgeymar sem falla ekki undir g-lið;
- i) „gegnumstreymi“: mesta árlega heildarmagn bensíns sem hefur verið tappað af geymum á birgðastöð eða bensínstöð yfir í flutningsgeyma þrjú undanfarandi ár;
- j) „gufuendurnýtingarbúnaður“: búnaður til að endurnýta bensín úr gufum, þar með talin hugsanleg þrýstijöfnunarkerfi birgðastöðva;
- k) „skip“: skip á skipgengum vatnaleiðum samkvæmt skilgreiningu í 1. kafla tilskipunar ráðsins 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum (²);
- l) „viðmiðunargildi sem stefnt skal að“: leiðbeinandi gildi fyrir heildarmat á því hvort tækniráðstafanirnar í viðaukunum dugi en ekki viðmiðunarmörk fyrir einstaka búnað, birgðastöðvar og bensínstöðvar;
- m) „tímabundin gufugeymsla“: geymsla til bráðabirgða á gufum í geymum með föstu þaki á birgðastöðvum í þeim tilgangi að flytja þær seinna og endurnýta á annari birgðastöð. Tilfærsla á gufum frá einum geymi til annars á birgðastöð telst ekki tímabundin gufugeymsla í skilningi þessarar tilskipunar;

(²) Stjttö. EB nr. L 301, 28. 10. 1982, bls. 1.

- n) „áfyllingarbúnaður“: aðstaða á birgðastöð til að fylla bensín á flutningsgeyma. Í áfyllingarbúnaði fyrir tankbifreiðar eru einn eða fleiri áfyllingarpallar;
- o) „áfyllingarpallur“: útbúnaður á birgðastöð þar sem hægt er að fylla bensín á eina tankbifreið í einu.

3. gr.

Geymar á birgðastöðvum

1. Geymar skulu hannaðir og starfræktir í samræmi við tækniforskriftirnar í I. viðauka.

Markmiðið með þessum ákvæðum er að minnka árlegt heildartap bensíns, við áfyllingu og geymslu, úr hverjum geymi á birgðastöð niður fyrir það viðmiðunargildi sem stefnt skal að, sem er 0,01 þyngdarprósenta af gegnumstreymi.

Aðildarríkin geta viðhaldið strangari ráðstöfunum eða krafist slíkra ráðstafana á öllu yfirráðasvæði sínu eða á landsvæðum þar sem gengið hefur verið úr skugga um að þær séu nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið vegna sérstakra aðstæðna.

Aðildarríkin geta samþykkt aðrar tækniráðstafanir til að minnka bensíntap en þær sem mælt er fyrir um í I. viðauka ef sannað þykir að þær séu að minnsta kosti jafnárangursríkar.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um gildandi ráðstafanir eða um allar sérráðstafanir sem um getur í þessari málsgrein og þau hyggjast gera og tilgreina ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda:

- frá deginum sem um getur í 10. gr. fyrir nýjan búnað;
- þremur árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltækan búnað ef gegnumstreymi við áfyllingu á birgðastöð er meira en 50 000 tonn á ári;
- sex árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltækan búnað ef gegnumstreymi við áfyllingu á birgðastöð er meira en 25 000 tonn á ári;
- nú árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir alla aðra tiltæka geyma á birgðastöðvum.

4. gr.

Áfylling og losun flutningsgeyma á birgðastöðvum

1. Áfyllingar- og losunartæki skal hanna og starfrækja í samræmi við tækniforskriftirnar í II. viðauka.

Markmiðið með þessum ákvæðum er að minnka árlegt heildartap bensíns við áfyllingu og losun flutningsgeyma á birgðastöðvum niður fyrir það viðmiðunargildi sem stefnt skal að, sem er 0,005 þyngdarprósenta af gegnumstreymi.

Aðildarríkin geta viðhaldið strangari ráðstöfunum eða krafist slíkra ráðstafana á öllu yfirráðasvæði sínu eða á landsvæðum þar sem gengið hefur verið úr skugga um að þær séu nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið vegna sérstakra aðstæðna. Aðildarríkin geta samþykkt aðrar tækniráðstafanir til að minnka bensíntap en þær sem mælt er fyrir um í II. viðauka ef sannað þykir að þær séu að minnsta kosti jafnárangursríkar.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um gildandi ráðstafanir eða um allar sérráðstafanir sem um getur í þessari málsgrein og þau hyggjast gera og tilgreina ástæður fyrir þeirri ákvörðun. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna hvort þessar ráðstafanir samrýmast ákvæðum sáttmálans og þessarar málsgreinar.

Allar birgðastöðvar með áfyllingaraðstöðu fyrir tankbifreiðar skulu búnar að minnsta kosti einum áfyllingarpalli sem uppfyllir forskriftir fyrir botnfyllingarbúnað sem mælt er fyrir um IV. viðauka. Þessar forskriftir skulu endurskoðaðar með reglulegu millibili og, eftir því sem við á, endurskoðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda:

- frá deginum sem um getur í 10. gr. fyrir nýjar birgðastöðvar fyrir áfyllingu tankbifreiða, járnbrautartankvagna og/eða lestun skipa;
- þremur árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltækar birgðastöðvar fyrir áfyllingu tankbifreiða, járnbrautar-tankvagna og/eða lestun skipa ef gegnumstreymi er meira en 150 000 tonn á ári;
- sex árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltækar birgðastöðvar fyrir áfyllingu tankbifreiða og járnbrautar-tankvagna ef gegnumstreymi er meira en 25 000 tonn á ári;
- nú árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir allar aðrar tiltækar birgðastöðvar fyrir áfyllingu tankbifreiða og járnbrautartankvagna.

3. Nú árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. skulu kröfur í IV. viðauka fyrir botnfyllingarbúnað gilda um alla áfyllingarpalla fyrir tankbifreiðar á öllum birgðastöðvum nema þær séu undanþegnar þessum kröfum samkvæmt 4. mgr.

4. Í undantekningartilvikum skulu ákvæði 1. og 3. mgr. hvorki gilda um:

- tiltækar birgðastöðvar með minna gegnumstreymi en 10 000 tonn á ári; né
- nýjar birgðastöðvar með minna gegnumstreymi en 5 000 tonn á ári ef þær eru staðsettar á litlum afskekktum eyjum.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um birgðastöðvar sem þessi undanþága snertir með skýrslufyrirkomulaginu sem um getur í 9. gr.

5. Konungsríkinu Spáni er heimilt að veita eins árs undanþágu frá frestinum sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr.

5. gr. Flutningsgeymar

1. Flutningsgeyma skal hanna og starfrækja í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- a) flutningsgeyma skal hanna og starfrækja þannig að gufum sem eftir verða sé haldið inni í geyminum við losun bensíns;
- b) flutningsgeyma til að flytja bensín til bensínstöðva og birgðastöðva skal hanna og starfrækja þannig að þeir fangi og haldi eftir gufum úr geymunum á bensín- eða birgðastöðvunum. Þessi krafa gildir aðeins fyrir járnbrautartankvagna ef þeir flytja bensín til bensín- eða birgðastöðva með tímabundinni gufugeymslu;
- c) að undanskilinni losun um þrýstiöryggisloka skal gufunum sem um getur í a- og b-lið haldið eftir í flutningsgeyminum þar til við næstu áfyllingu á birgðastöð.

Ef flutningsgeymirinn er eftir losun bensíns notaður undir aðrar vörur en bensín má, ef ekki er unnt að endurnýta eða geyma gufurnar tímabundið, leyfa loftræstingu á landsvæði þar sem ólíklegt er að losun valdi verulegum umhverfis- eða heilbrigðisvandamálum;

d) lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tryggja að prófað sé reglulega hvort tankbifreiðar haldi gufu og kannað reglulega hvort sog-/þrýstilokar á öllum flutningsgeymum vinni rétt.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda:

- a) frá deginum sem um getur í 10. gr. fyrir nýjar tankbifreiðar, járnbrautartankvagna og skip;
- b) þremur árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltæka járnbrautartankvagna og skip ef lestun fer fram á birgðastöð sem fellur undir kröfur 1. mgr. 4. gr.;
- c) fyrir tiltækar tankbifreiðar sem eru útbúnar fyrir botnþyllingu í samræmi við forskriftir í IV. viðauka.

3. Í undantekningartilvikum skulu ákvæði a-, b- og c-liðar 1. mgr. hvorki gilda um gufutap sem stafar af mælingum með dýptarstikum á:

- a) tiltækum flutningsgeymum; né
- b) nýjum flutningsgeymum sem teknir eru í notkun næstu fjögur árin eftir daginn sem um getur í 10. gr.

6. gr.

Áfylling geyma á bensínstöðvum

1. Áfyllingar- og geymslubúnað skal hanna og starfrækja í samræmi við tækniforskriftirnar í III. viðauka.

Markmiðið með þessum ákvæðum er að minnka árlegt heildartap bensíns við áfyllingu geyma á bensínstöðvum niður fyrir það viðmiðunargildi sem stefnt skal að, sem er 0,01 þyngdarprósenta af gegnumstreymi.

Aðildarríkin geta viðhaldið strangari ráðstöfunum eða krafist slíkra ráðstafana á öllu yfirráðasvæði sínu eða á landsvæðum þar sem gengið hefur verið úr skugga um að þær séu nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið vegna sérstakra aðstæðna.

Aðildarríkin geta samþykkt aðrar tækniráðstafanir til að minnka bensíntap en þær sem mælt er fyrir um í III. viðauka ef sannað þykir að þær séu að minnsta kosti jafnárangursríkar.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um gildandi ráðstafanir eða allar sérráðstafanir sem um getur í þessari málsgrein og þau hyggjast gera og tilgreina ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda:

- a) frá deginum sem um getur í 10. gr. fyrir nýjar bensínstöðvar;
- b) þremur árum eftir daginn sem um getur í 10. gr.:
 - fyrir tiltækar bensínstöðvar ef gegnumstreymi þeirra er meira en 1 000 m³ á ári,
 - fyrir tiltækar bensínstöðvar sem eru staðsettar undir föstum vistarverum eða vinnusvæðum, sama hvert gegnumstreymi þeirra er;
- c) sex árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir tiltækar bensínstöðvar ef gegnumstreymi þeirra er meira en 500 m³ á ári;
- d) níu árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. fyrir allar aðrar tiltækar bensínstöðvar.

3. Í undantekningartilvikum skulu ákvæði 1. og 2. mgr. ekki gilda um bensínstöðvar ef gegnumstreymi þeirra er minna en 100 m³ á ári.

4. Ef gegnumstreymi bensínstöðva er minna en 500 m³ á ári er aðildarríkjunum heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. ef bensínstöðin er á landsvæði eða stað þar sem ólíklegt er að losun valdi verulegum umhverfis- eða heilbrigðisvandamálum.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni nánari upplýsingar um þau svæði þar sem þau hyggjast veita slíka

undanþágu innan ramma skýrslufyrirkomulagsins sem um getur í 9. gr. og eftir það um allar breytingar með tilliti til þessara svæða.

5. Konungsríkinu Hollandi er heimilt að veita undanþágu frá tímaáætluninni í 2. mgr. með eftirfarandi skilyrðum:

- ráðstafanir sem krafist er í þessari grein séu liður í gildandi og víðtækari innlendra áætlun fyrir bensínstöðvar þar sem tekið er samtímis á ýmsum umhverfisvandamálum, svo sem vatnsmengun, loftmengun, jarðvegsmengun og mengun vegna úrgangs og skýr ákvæði liggja fyrir um framkvæmd áætlunarinnar,
- aðeins sé hægt að víkja frá tímaáætluninni um tvö ár hið mesta og skal framkvæmd allra áætlana lokið innan tímamarkanna sem mælt er fyrir um í d-lið 2. mgr.,
- framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um ákvörðun um að víkja frá tímaáætluninni í 2. mgr. og skulu þá fylgja með upplýsingar um gildissvið og lengd undanþágunnar.

6. Konungsríkinu Spáni og Lýðveldinu Portúgal er heimilt að veita eins árs undanþágu frá frestinum sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr.

7. gr.

Breytingar á viðaukunum

Burtséð frá viðmiðunarmörkunum sem um getur í 2-lið II. viðauka skulu nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana við þessa tilskipun að tækniframförum samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í 8. gr.

8. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykka samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

4. Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir.

9. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf

Skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar skulu samdar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál⁽¹⁾. Framkvæmdastjórnin skal láta tillögur um breytingu á þessari tilskipun fylgja fyrstu skýrslu sinni þar sem það á við, þar með einkum talin útvíkkun á gildissviði tilskipunarinnar þannig að hún nái til gufustýringar- og gufuendurnýtingarkerfa fyrir lestunarbúnað og skip.

10. gr.

Lögleiðing í aðildarríkjunum

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Lokaákvæði

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

K. HÄNSCH

forseti,

Fyrir hönd ráðsins

K. KINKEL

forseti.

(¹) Stjttð. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR UM GEYMA Á BIRGÐASTÖÐVUM

1. Ytri veggir og þök geyma sem eru ofanjarðar skal mála í lit með geislahitaendurvarpsstuðli sem er samanlagt ekki lægri en 70%. Þetta verk má skipuleggja á þann veg að það verði hluti af reglubundnu viðhaldi geymanna á þriggja ára tímabili. Aðildarráðgjafi er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef þörf krefur til að vernda svæði með sérstöku landslagi sem tilnefnd eru af innlendu yfirvaldi.

Þetta ákvæði gildir ekki um geyma sem eru tengdir gufuendurnýtingarbúnaði sem stent kröfurnar í 2. lið II. viðauka.

2. Geymar með fljótandi ytra þaki skulu vera búnir aðalþéttingu sem hylur hringlaga rými milli veggjar geymisins og ytri marka hins fljótandi þaks og aukþéttingu fyrir ofan hana. Þéttingarnar skulu þannig gerðar að þær haldi að minnsta kosti 95% af gufunum inni samanborið við samsvarandi geyma með föstu þaki sem eru ekki með búnað til að halda gufum inni (þ.e. geymar með föstu þaki sem eru einungis með sog-/þrýstiloka).

3. Allir nýir geymar á birgðastöðvum þar sem krafist er endurnýtingar gufu í samræmi við 4. gr. þessarar tilskipunar (sjá II. viðauka) verða annaðhvort að vera:

a) geymar með föstu þaki sem eru tengdir gufuendurnýtingarbúnaði í samræmi við kröfur II. viðauka; eða

b) geymar með fljótandi ytra eða innra þaki og aðal- og aukþéttingu í samræmi við kröfur 2. liðar.

4. Tiltækir geymar með föstu þaki verða annaðhvort:

a) að vera tengdir gufuendurnýtingarbúnaði í samræmi við kröfur II. viðauka; eða

b) vera búnir fljótandi innra þaki með aðalþéttingu sem skal þannig gerð að hún haldi að minnsta kosti 90% af gufunum inni samanborið við samsvarandi geyma með föstu þaki sem eru ekki með búnað til að halda gufum inni.

5. Kröfur um búnað til að halda gufum inni eins og minnst er á í 3. og 4. lið gilda ekki um geyma með föstu þaki á birgðastöðvum þar sem tímabundin gufugeymsla er leyfð í samræmi við 1. lið II. viðauka.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR UM ÁFYLLINGAR- OG LOSUNARBÚNAÐ Á BIRGÐASTÖÐVUM

1. Gufum sem er hleypt út úr flutningsgeymum við áfyllingu skal safna aftur um gufubetta tengileiðslu inn í gufuendurnýtingarbúnað og endurvinna á birgðastöð.

Þetta ákvæði gildir ekki um geyma sem eru fylltir ofan frá meðan sú áfyllingaraðferð er leyfð.

Á birgðastöðvum þar sem bensíni er lestað í skip er heimilt að nota gufubrennslubúnað í stað gufuendurnýtingarbúnaðar ef endurnýting gufu er hættuleg eða tæknilega óframkvæmanleg vegna þess gufumagns sem fangað er. Kröfur viðvirkjandi loftmengun frá gufuendurnýtingarbúnaðinum skulu einnig gilda um gufubrennslubúnaðinn.

Á birgðastöðvum með minna gegnumstreymi en 25 000 tonn á ári má nota tímabundna gufugeymslu í stað tafarlausar gufuendurnýtingar á birgðastöð.

2. Meðalstyrkur gufu í útblæstri frá gufuendurnýtingarbúnaði - leiðrétting vegna þynningar við meðhöndlun meðtalin - má ekki fara yfir 35 g/Nm³ á klukkustund.

Breska konungsríkinu er heimilt að veita undanþágu frá viðmiðunarmarkinu 35 g/Nm³ á klukkustund, sem sett er í þessum viðauka, vegna gufuendurnýtingarbúnaðar sem er settur upp fyrir 1. janúar 1993, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- búnaðurinn skal uppfylla kröfur um viðmiðunarmarkið 50 g/Nm³ á klukkustund samkvæmt mælingum í samræmi við forskriftirnar sem fram koma í þessum viðauka,
- þessi undanþága rennur út í síðasta lagi níu árum eftir daginn sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar,
- framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um hvaða búnaður fellur undir þessa undanþágu og skulu fylgja með upplýsingar um gegnumstreymi búnaðarins og uppgufun frá honum.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tryggja að tekin verði ákvörðun um mæli- og greiningaraðferðir og tíðni mælinga og greininga.

Mælingarnar skulu ná yfir einn heilan vinnudag (minnst sjö tíma) með venjulegu gegnumstreymi.

Mælingarnar geta verið samfelldar eða stakar. Þegar um stakar mælingar er að ræða skal mæla minnst fjórum sinnum á klukkustund.

Heildarmæliskekkja mælibúnaðar, kvörðunarlofttegundar og mæliaðferðar sem notuð er má ekki vera meiri en 10% af því gildi sem mælist.

Mælibúnaður verður að geta mælt styrk allt niður í 3 g/Nm³.

Samkvæmnin verður að vera að minnsta kosti 95% af mældu gildi.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu sjá til þess að kannað sé reglulega hvort tengileiðslur og -rör leki.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tryggja að áfylling sé stöðvuð við áfyllingarpall ef gufa sleppur út. Stöðvunarúnaðinum skal komið fyrir á áfyllingarpallinum.

5. Þegar leyft er að fylla flutningsgeyma ofan frá skal opi áfyllingararmsins haldið eins nálægt botni geymisins og unnt er til að koma í veg fyrir skvettur.

III. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GILDA UM ÁFYLLINGARBÚNAÐ OG GEYMA Á BENSÍNSTÖÐVUM OG BIRGÐASTÖÐVUM MEÐ TÍMABUNDINNI GUFUGEYMSLU

Gufum sem hleypt er út við áfyllingu bensíns á geyma bensínstöðva og á geyma með föstu þaki sem eru notaðir til tímabundinnar gufugeymslu verður að skila aftur um gufuþetta tengileiðslu í flutningsgeyminn sem bensínið er tappað af. Áfylling má ekki fara fram nema þetta kerfi sé til staðar og starfi rétt.

IV. VIÐAUKI

FORSKRIFTIR FYRIR BOTNFYLLINGU, GUFUSÖFNUN OG YFIRFALLSVÖRN EVRÓPSKRA TANKBIFREIÐA

1. Tengingar

1.1. Vökvatengið á áfyllingararminum verður að vera kventengi sem svarar til fjögurra tommu (101,6 mm) API-kartengis, sem komið er fyrir á farartækinu, samanber skilgreiningu í:

- API RECOMMENDED PRACTICE 1004
SEVENTH EDITION, NOVEMBER 1988

Bottom Loading and Vapour Recovery for MC-306 Tank Motor Vehicles (Section 2.1.1.1, Type of Adapter used for Bottom Loading).

1.2. Gufusöfnunartengið á gufusöfnunarslöngu áfyllingarpallsins verður að vera kventengi (kambur og gróp) sem svarar til fjögurra tommu (101,6 mm) kartengis (kambur og gróp), sem komið er fyrir á farartækinu, samanber skilgreiningu í:

- API RECOMMENDED PRACTICE 1004
SEVENTH EDITION, NOVEMBER 1988
Bottom Loading and Vapour Recovery for MC-306 Tank Motor Vehicles (Section 4.1.1.2, Vapour Recovery Adapter).

2. Skilyrði við áfyllingu

2.1. Venjulegur áfyllingarhraði skal vera 2 300 lítrar á mínútu á hvern áfyllingararm (þó aldrei meira en 2 500 lítrar á mínútu).

2.2. Þegar hámarksálag er á birgðastöðvum má gufusöfnunarkerfi áfyllingarpallsins, að gufuendurnýtingarbúnaðinum meðtöldum, mynda í mesta lagi 55 millíbara gagnþrýsting farartækismegin við gufusöfnunartengið.

2.3. Öll viðurkennd farartæki með botnfyllingartilhögun skulu bera kennispjald sem tilgreinir mestan leyfilega fjölda áfyllingararma sem nota má samtímis um leið og þess er gætt að engar gufur sleppi út um P- og V-loka hólfanna þegar hámarksgagnþrýstingur í búnaðinum er 55 millíbar eins og tilgreint er í lið 2.2.

3. Tenging jarðsambands-/yfirfallsskynjara farartækis

Áfyllingarpallurinn skal vera búinn yfirfallsskynjunarbúnaði sem skal gefa óbrigðult merki um að áfylling sé heimil þegar hann er tengdur við farartækið til að unnt sé að hefja áfyllingu, nema yfirfallsnemar í hólfunum skynji of mikinn vökva.

- 3.1. Farartækið verður að vera tengt stýribúnaðinum á áfyllingarpallinum með 10 pinna raftengingu sem uppfyllir iðnaðarstaðla. Karl tenglinum verður að koma fyrir á farartækinu og kventenglinum á sveigjanlegum kapli sem er tengdur stýribúnaðinum á áfyllingarpallinum.
- 3.2. Skynjarar á farartæki til að greina of mikinn vökva verða annaðhvort að vera hitanemar með tveimur vírum, ljósnemar með tveimur vírum, ljósnemar með fimm vírum eða samsvarandi samrýmanlegt kerfi sem er óbrigðult. (ATH.: Hitanemarnir verða að hafa neikvæðan hitastigsstuðul.)
- 3.3. Stýribúnaðurinn á áfyllingarpallinum verður að henta farartækjakerfum með bæði tveimur og fimm vírum.
- 3.4. Farartækið skal tengt við áfyllingarpallinn með sameiginlegum einstefnuvír frá yfirfallsnemunum sem verður að vera tengdur við 10. pinnann á kartenglinum um undirvagn farartækisins. Pinni nr. 10 á kventenglinum verður að vera tengdur við umlykju stýribúnaðarins sem verður aftur að vera tengdur við jarðsamband áfyllingarpallsins.
- 3.5. Öll viðurkennd farartæki með botnfyllingartilhögun skulu bera kennispjald (sjá lið 2.3) þar sem tiltekið er hvaða gerð yfirfallsnema hefur verið komið fyrir (þ.e. með tveimur eða fimm vírum).

4. Staðsetning tenginga

- 4.1. Hönnun áfyllingar- og gufusöfnunarbúnaðar á áfyllingarpalla skal uppfylla eftirfarandi skilyrði um tengingu við farartæki.
 - 4.1.1. Hæð miðlínu vökvatengjanna verður að vera: í mesta lagi 1,4 metrar (tómur); í minnsta lagi 0,5 metrar (hlaðinn), ákjósanleg hæð er 0,7 til 1,0 metrar.
 - 4.1.2. Lárétt bil milli tengja má ekki vera minna en 0,25 metrar (ákjósanlegt lágmarksbil er 0,3 metrar).
 - 4.1.3. Öll vökvatengi verða að vera innan reits sem má í mesta lagi vera 2,5 metrar á lengd.
 - 4.1.4. Gufusöfnunartengið ætti helst að vera til hægri við vökvatengin og í mesta lagi í 1,5 metra hæð (tómur) og í minnsta lagi í 0,5 metra hæð (hlaðinn).
- 4.2. Jarðsambands-/yfirfallstengið verður að vera til hægri við vökva- og gufusöfnunartengin og í mesta lagi í 1,5 metra hæð (tómur) og í minnsta lagi í 0,5 metra hæð (hlaðinn).
- 4.3. Framangreindar tengingar má aðeins staðsetja öðru megin á farartækinu.

5. Öryggislokunarbúnaður

5.1. Jarðsambands-/yfirfallsskynjari

Ekki má leyfa áfyllingu nema samsettur jarðsambands-/yfirfallsskynjarinn gefi merki um að áfylling sé heimil.

Yfirfyllist farartækið eða rofni jarðsamband þess skal skynjunarbúnaðurinn á áfyllingarpallinum loka stjórnloka áfyllingarpallsins.

5.2. Gufusöfnunarskynjari

Ekki má leyfa áfyllingu nema gufusöfnunarslangan hafi verið tengd við farartækið og gufurnar sem hleypt er út eigi greiða leið úr farartækinu og inn í gufusöfnunarkerfi stöðvarinnar.